

Eftirlitsverkefni - Fæli efni

Dagsetning	15. september 2020
Fyrirtæki	Lyf og heilsa hf. Granda
Heimilisfang	Fiskislóð 1, 108 Reykjavík
Kennitala	6502992649
Starfsemi	Lyfjaverslun
Eftirlitsstaður	Fiskislóð 1, 108 Reykjavík
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Hanný Ösp Pétursdóttir
Fulltrúi UST	Hafdís Inga Ingvarsdóttir
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Hanný Ösp Pétursdóttir hanny.osp@lyfogheilsa.is

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með sæfivörum hjá Lyfjum og heilsu Granda þann 15.9.2020. Skoðað var hvort að fæli efni sem innihalda virku efni DEET og/eða etýlbútýlasetýlamínóprópíónat væru á markaði án markaðsleyfis. Ein vara fannst sem fellur undir umfang eftirlitsins og reyndist hún ekki þurfa markaðsleyfi eins og er.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í kynningarbréf stofnunarinnar, dags. 15.9.2020, þar sem kynnt var eftirlitsverkefni með sæfivörum á markaði í vöruflokki 19, með áherslu á fæli efni gegn skordýrum, sbr. hlutverki Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur. Markmið þessa eftirlits er að skoða hvort að fæli efni sem innihalda virku efni DEET (cas nr. 134-62-3) og/eða etýlbútýlasetýlamínóprópíónat (cas nr. 52304-36-6) séu á markaði og hvort að þau séu með markaðsleyfi.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirtalin vara, sem fellur undir umfang eftirlitsins, var skoðuð:

Vara	Strikamerki
Moustidose Spray Répulsif Anti-Moustiques	3518646040481

Varan inniheldur virku efni DEET og Eucalyptus citriodora oil, hydrated, cyclized (cas nr. 1245629-80-4). Fæli efni sem innihalda DEET þurfa markaðsleyfi til að það megi bjóða þau fram á markaði nema að þau innihaldi annað virkt efni sem er enn í áhættumati til notkunar í sæfivörum. Þar sem Eucalyptus citriodora oil, hydrated, cyclized er enn í áhættumati til notkunar í sæfivörum í vöruflokki 19 má bjóða vöruna fram á markaði án markaðsleyfis og því eru engin frávik tilgreind.

ÁBENDINGAR

Þegar áhættumati fyrir virka efnið, Eucalyptus citriodora oil, hydrated, cyclized, verður lokið fyrir vöruflokk 19 mun varan þurfa markaðsleyfi til að það megi bjóða hana fram á markaði hér á landi.

Reykjavík, 21. september 2020

Hafdís Inga Ingvarsdóttir

Hafdís Inga Ingvarsdóttir